

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 37/97
frá 27. júní 1997**

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/96 frá 13. desember 1996⁽¹⁾.

Rétt er að auka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til áætlunar bandalagsins til margra ára um að stuðla að fjölbreytni tungumála í upplýsingaþjóféláginu (ákvörðun ráðsins 96/664/EB)⁽²⁾.

Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til að gera ráð fyrir að þessi aukna samvinna hefjist 1. janúar 1997.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. mgr. 2. gr. í bókun 31 við samninginn:

„- **396 D 0664:** Ákvörðun ráðsins 96/664/EB frá 21. nóvember 1996 um samþykkt áætlunar bandalagsins til margra ára um að stuðla að fjölbreytni tungumála í upplýsingaþjóféláginu (Stjttíð. EB nr. L 306, 28. 11. 1996, bls. 40).“.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 145, 5. 6. 1997, bls. 52 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 24, 5. 6. 1997, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 306, 28. 11. 1996, bls. 40.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 1997.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. júní 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

C. Day

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner